

Reykjavík, 27. október 2014

R2014100013/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga - 12. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 7. október 2014 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er megintilgangur þess einföldun við skráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga hjá fyrirtækjaskrá RSK. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að smíði nýrrar fyrirtækjaskrár sem gerir einstaklingum og lögaðilum kleift að skrá ný félög og gera á þeim breytingar með rafrænum hætti. Jafnframt verða öll þau skjöl sem eru grundvöllur skráningar undirrituð með rafrænum skilríkjum. Verði frumvarpið samþykkt ættu breytingarnar að létta stjórnsýslubyrðum á atvinnulífið. Í því skyni að gera skráninguna einfalda og aðgengilega fyrir notendur voru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sendar ábendingar um æskilegar lagfæringar á þeim lagaákvæðum sem lúta að skráningu.


Ríkisskattstjóri tekur undir þá umfjöllun er kemur fram í greinargerð með frumvarpinu en vill þó bæta við eftirfarandi varðandi 4. og 9. gr. frumvarpsins. Í núverandi ákvæðum 63. gr. laga um hlutafélög og 39. gr. laga um einkahlutafélög er gert ráð fyrir að þegar sendar eru tilkynningar um breytingu á stjórnnum félaga skuli öll félög tilgreina kynjahlutföll stjórnar og félög með yfir 25 starfsmenn verða að gefa upp kynjahlutföll stjórnenda og starfsmanna félagsins. Reynslan hefur sýnt að það vefst mjög fyrir félögum að tilgreina allar þessar upplýsingar þegar tilkynnt er um breytingar á stjórn ásamt því að slík tilviljunarkennd upplýsingagjöf gerir það að verkum að ómögulegt er fyrir fyrirtækjaskrá að halda utan um það hvaða félög eru með 50 starfsmenn eða fleiri og ber að gæta að kynjahlutföllum í stjórnnum sínum. Fyrir sum félög koma stundum nokkrar tilkynningar um stjórnir á einu og sama árinu en fyrir önnur engin tilkynning um breytingu á stjórn, jafnvel svo árum skiptir. Er því lagt til að félög gefi þessar upplýsingar upp árlega í ársreikningi sínum og þannig fær RSK árlega upplýsingar um hvaða félög ber að gæta að kynjahlutföllum ásamt því að eðlilegt er að gefa upp slíkar upplýsingar í ársreikningi þar sem teknar eru saman helstu upplýsingar liðsins árs. Myndi þetta leiða til skýrari og markvissari upplýsingaöflunar sem ætti ekki að vera íþyngjandi fyrir félög þar sem nú þegar á að veita þessar upplýsingar þegar tilkynnt er um breytingu á stjórn til fyrirtækjaskrár. Upplýsingagjöfin er eingöngu færð frá fyrirtækjaskrá yfir í ársreikninga.

Það er mat ríkisskattstjóra að verði frumvarp þetta samþykkt mun nást fram einföldun skráningarferlisins gagnvart notendum og auðveldi upptöku rafrænnar skráningar sem að er stefnt. Einnig verður hægt að gera einfaldar tilkynningar um breytingar á starfsemi félaga svo

sem flytja starfsemi frá einum stað til annars án þess að breyta þurfi samþykktum félags Þá er þetta skref í að létta stjórnsýslubrögðum af atvinnulífinu.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Skúli Jónsson